

Sp.

6. Fyrirspurnir.

[6. mál]

I. Til dómsmálaráðherra um fangelsismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hvað er rúm fyrir marga fanga í íslenskum fangelsum?
- 2) Til hversu margra daga fangelsisvistar hafa menn verið dæmdir á ári síðastliðin fimm ár?
- 3) Hversu margir menn eiga óafplánaða fangelsisdóma og í hversu marga daga?
- 4) Eru varðhaldsdómar taldir með í svörum við fyrrgreindum spurningum? Ef svo er ekki, hvernig er þeim þá fullnægt?
- 5) Hversu margir þeirra manna, sem hlotið hafa dóm, hafa brotið af sér á ný, meðan þeir bíða þess að afplána dóm sinn?
- 6) Eru unglingar, sem hljóta dóm, látnir búa í fangelsi innan um síbrotamenn?
- 7) Eru uppi áform um að skapa fjölbreyttari aðstöðu til vinnu fanga, t. d. með því að koma upp verkstæðum og vinnustöðum?
- 8) Hver er aðstaða til endurhæfingar fanga, er þeir hafa lokið refsivist?
- 9) Hafa verið athugaðir möguleikar á að beita annars konar viðurlögum við brotum en sektum eða fangelsisvist?
- 10) Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um úrbætur í fangelsismálum, og hvenær koma þau til framkvæmda?
- 11) Hversu margar kærur hafa borizt Sakadómi Reykjavíkur síðastliðin fimm ár?
- 12) Hversu margar þeirra hafa hlotið endanlega afgreiðslu? Hefur það gerzt, að kæra hafi fyrnt vegna þess, að hún hafi ekki verið tekin til meðferðar?

II. Til dómsmálaráðherra um áfengismál.

Frá Gylfa Þ. Gíslasyni.

- 1) Hvað er rúm fyrir marga drykkjusjúklinga á gæzluvistarhælum?
- 2) Hvaða meðferð hljóta þeir á hælunum?
- 3) Hafa ákvæði laga nr. 39/1964 um, að áfengisvarnaráðunautur eða áfengisvarnanefnd skuli halda spjaldskrá um þá, sem handteknir eru vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftár með skömmu millibili, verið framkvæmd?
- 4) Ef svo er, hversu margir hafa þá verið skráðir á ári síðastliðin fimm ár?
- 5) Hversu margir drykkjusjúklingar hafa verið fluttir í sjúkrahús á ári síðastliðin fimm ár, sbr. 1. gr. l. nr. 39/1964?
- 6) Hversu margir hafa verið handteknir vegna ölvunar á almannafæri oftár en tólf sinnum á ári síðastliðin fimm ár?
- 7) Hvaða áform hefur ríkisstjórnin um bætta aðstöðu fyrir áfengissjúklinga?
- 8) Hve margir starfa við eiturfjámál á vegum lögreglunnar?
- 9) Hefur lögreglumönnum verið veitt fræðsla til að gera þeim kleift að þekkja áhrif eiturfjaja á fólk og rétt viðbrögð við fólk undir áhrifum þeirra?
- 10) Er lögreglulið Reykjavíkur nægilega fjölmennt og vel búið bifreiðum og öðrum tækjum?